

REGLUGERÐ

fyrir Vatnsveitu Vogakauptúns.

1. gr.

Vatnsveita Vogakauptúns er eign Vatnsleysustrandarhrepps og er rekin í þeim tilgangi að fullnægja vatnsþörf heimila og fyrirtækja í kaupúninu, eftir því sem við verður komið og reglugerð þessi kveður nánar á um.

Vatnsveitan er sjálfstætt fyrirtæki í rekstri Vatnsleysustrandarhrepps með sérstöku reikningshaldi.

Reikningar Vatnsveitu Vogakauptúns skulu jafnan fylgja reikningum sveitar-sjóðs Vatnsleysustrandarhrepps til endurskoðunar og samþykktar.

2. gr.

Hreppsnefnd hefur á hendi stjórn vatnsveitunnar. Hún kys á fyrsta fundi sínum eftir almennar sveitarstjórnarkosningar 3 menn, og jafn marga til vara til að sjá um málefni vatnsveitunnar sem nánar er kveðið á um í þessari reglugerð.

3. gr.

Vatnsveita Vogakauptúns hefur einkasölu á vatni á því svæði sem vatnsveitan nær yfir og hún getur fullnægt.

4. gr.

Vatnsveita Vogakauptúns lætur leggja vatnsæðar, aðalæðar og götuæðar, um kaupúnið.

5. gr.

Hver sá er húseign á við götu eða veg, sem vatnsæð er í, á rétt á að tengja vatnsæð frá henni á eigin kostnað við húsið, enda sé það reist með samþykki byggingarnefndar og vatnið ætlað til heimilisþarfa.

Vatnsnot til annarra þarfa skulu háð fyrirmælum og skilyrðum er vatnsveitan setur hverju sinni.

Vélar og tæki er nota vatn, önnur en heimilistæki, má ekki tengja við hús eða heimæðar nema að fengnu leyfi vatnsveitunnar. Einnig getur vatnsveitan fyrirskipað breytingar á eldri tækjum og vélum, ef nauðsyn krefur.

Réttur húseiganda til vatnsnota skuldbindur ekki vatnsveituna til þess að tryggja, að þrýstingur í götuæðum sé ávallt nægjanlegur.

Ef sýnt þykir að götuæðar þær sem fyrir hendi eru, geti eigi séð atvinnufyrirtæki, eða öðrum, sem óskar eftir vatni til annarra þarfa en heimilis, fyrir nægilegu vatni, er notanda skylt að greiða kostnað við nauðsynlegar úrbætur eftir úrskurði vatnsveitunnar.

Ef vatnsæðar hafa ekki verið lagðar í götu eða veg, þar sem óskað er eftir vatnsnotkun, getur vatnsveitan sett það skilyrði fyrir lögnum vatnsæðar, að tryggt sé, að kostnaður við lögnina fái endurgreiddur, annað hvort með beinni þátttöku notanda eða með því að gjöld fyrir vatnsnotkun verði ákveðin með hliðsjón af kostnaðinum.

Vatnsveitan getur einnig ákveðið að notendur, er síðar bætast við, beri hluta stofnkostnaðar við lögnina.

Vatnsveitan skal á eigin kostnað koma fyrir nægilega mörgum brunahönum.

6. gr.

Sá er óskar eftir að leggja vatnsveituæð að húsi sínu, leggja nýlagnir, gera breytingar á, eða viðbætur við eldri vatnslagnir, skal með nægum fyrirvara fá til þess leyfi hjá vatnsveitunni.

Umsóknir skulu sendar vatnsveitunefnd og skulu fylgja nákvæmar upplýsingar um hve mikið vatn viðkomandi telur sig þurfa, og til hvers það skuli notað.

7. gr.

Vatnsveitan annast vatnslagnir, og gildir það um nýlagnir jafnt sem viðbætur við eða breytingar á eldri vatnslögnum. Þó getur vatnsveitan heimilað ákveðnum aðilum framkvæmd tiltekinna verkefna, og ber þeim þá að fylgja til hlýtar fyrir-mælum þessarar reglugerðar, reglum sem kunna að verða settar eða nánari fyrir-mælum frá vatnsveitunefnd.

8. gr.

Vatnsveitan skal hafa eftirlit með því að nýlagnir séu hóflega víðar, nægilega djúpt í jörðu og að frágangur sé að öllu leyti í samræmi við þær reglur sem settar eru í þessu sambandi. Engar vatnsæðar má hylja fyrr en þær hafa verið viður-kenndar af vatnsveitunni. Vatnsveitan hefur rétt til að láta þrýstiprófa vatnslagnir á kostnað húseiganda. Álíti eftirlitsmaður vatnsveitunnar að verk sé eigi framkvæmt samkvæmt ákvæðum reglugerðar þessarar, eða öðrum reglum sem settar kunna að verða getur hann stöðvað verkið þar til bætt hefur verið úr því, sem áfátt kann að vera.

9. gr.

Allar vatnsæðar frá vatnsveituæðum að húsi og í því, eru eign húseiganda, og ber hann kostnað af lögn þeirra og viðhaldi.

Vatnsveitan getur ákveðið, að heimæðar eða hluti þeirra, skuli lagðar af starfs-mönnum hennar, en á kostnað húseiganda.

Að jafnaði fær hvert hús leyfi fyrir einni heimæð. Óski húseigandi eftir fleiri heimæðum, ber honum að sækja sérstaklega um það til vatnsveitunnar. Óheimilt er að tengja saman húsæðakerfi við tvær eða fleiri heimæðar.

Vatnsveitan getur ákveðið, að fleiri en eitt hús séu tengd sömu heimæð, og gefur bá fyrir-mæli um vídd og legu æðarinnar.

Hún getur ákveðið hvernig skipt skuli kostnaði við slíkar framkvæmdir, ef aðilar verða ekki ásáttir um slíkt.

Óski húseigandi að tengja við gamla heimæð, skal fá til þess leyfi bæði hjá eiganda heimæðarinnar og vatnsveitunni.

Því aðeins er heimilt að tengja heimæðar við hús, að þau séu foheld og upp-hituð.

Húseiganda ber skylda til að halda við vatnslögnum sínum á eigin kostnað og láta gera við leka, þegar hans verður vart. Þótt leka hafi orðið vart, getur vatns-veitan, ef hún telur brýna þörf á, lagt fyrir húseiganda að endurnýja vatnslagnir sínar að nokkru eða öllu leyti.

Vanræki húseigandi viðhald á vatnslögnum sínum, er vatnsveitunni heimilt að annast viðgerð á kostnað hans.

10. gr.

Eftirlitsmenn vatnsveitunnar skulu hafa frjálstan aðgang að öllum vatnslögnum innanhúss, og skulu húseigendur gefa upplýsingar um vatnsnotkun, sem óskað er eftir.

11. gr.

Vatnsveitan hefur rétt til þess að taka úr sambandi ónotaðar vatnsæðar í eigu einstaklinga, sé eigi gert sennilegt, að þær verði teknar í notkun innan skamms tíma.

Kostnað er af þessu leiðir, greiðir eigandi.

12. gr.

Vatnsveitan ber ekki fjárhagslega ábyrgð á tjóni, er leiða kann af rekstrar-truflunum, er verða vegna vinnu við æðar vatnsveitunnar eða af öðrum ástæðum.

Ef eldsvoða ber að höndum hafa slökkviliðið, lögregla og starfsmenn vatnsveitunnar heimild til þess að gera hverjar þær ráðstafanir, sem nauðsynlegar mega teljast, hvort heldur á vatnsæðum í einkaeign eða eign vatnsveitunnar.

Óheimilt er öðrum en slökkviliði, lögreglu og starfsmönnum vatnsveitunnar að taka vatn úr brunahönum vatnsveitunnar nema með sérstöku leyfi.

13. gr.

Til þess að standa straum af kostnaði við vatnsveituna setur hreppsnefnd henni gjaldskrá.

Innheimta skal vatnsskatt af húseignum, er um ræðir í 3. mgr., og skal hann innheimtur af öllum húsum í lögsagnarumdæmi hreppsins, sem standa við götu eða opin svæði, þar sem vatnsæðar vatnsveitunnar liggja. Ef hús, sem greiða ber af vatnsskatt samkvæmt ákveðnum hundraðsbluta af fasteignamati, er ekki virt fasteignamatsvirðingu, þá ákveður vatnsveitan skattinn.

Aukavatnsskatt skal leggja á verksmiðjur, baðhús, iðnaðarfyrirtæki og önnur atvinnufyrirtæki og aðra, er nota vatn til annars en heimilisþarfa.

Aukavatnsskatt skal að jafnaði greiða samkvæmt mældri notkun og ákveður hreppsnefnd gjald fyrir hvern m³.

Nú er vatn notað án mælis, þar sem svo hagar til, sem í 3. mgr. segir, og skal þá vatnsveitan ákveða aukavatnsskatt samkvæmt áællaðri notkun.

Nú sættir húseigandi og/eða vatnsnotandi sig eigi við ákvörðun vatnsveitunnar á aukavatnsskatti og getur hann þá krafist þess, að vatnsnotkun hans verði mæld um eins mánaðar skeið eftir vali vatnsveitunnar, og verður aukavatnsskattur þess árs þá ákveðinn hlutfallslega við útkomu þeirrar mælingar.

Hreppsnefnd getur ákveðið, að vatn til heimilisþarfa verði selt eftir mæli, og sett um það sérákvæði.

14. gr.

Vatnsskattur fellur í gjalddaga 15. janúar ár hvert og ber að greiða skattinn til sveitarstjóra.

Þar sem aukavatnsskattur er ákveðinn samkv. mæli, er heimilt að greiða skattinn á 4 gjalddögum, í lok hvers ársfjórðungs, eftir nánari ákvörðun vatnsveitunnar.

Vatnsskatt má taka lögtaki, og er hann tryggður með lögveðsrétti í eigninni næstu 2 ár eftir gjalddaga, með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði.

15. gr.

Þar sem vatn er selt samkvæmt mæli (sjá 13. gr.), greiðir húseigandi kostnað við uppsetningu mælisins.

Vatnsveitan sér um viðhald mælisins að því er snertir eðlilegt slit, en allar skemmdir af mannavöldum og frostum, ber húseiganda að bæta.

Ef maður rýfur innsigli vatnsmælisins varðar það refsingu samkvæmt almennum hegningarlögum.

Vatnsveitan er eigandi mælisins og greiðir húseigandi fyrir afnot hans endurgjald, er hreppsnefnd ákveður. Lögn vatnsæða innanhúss á jafnan að vera þannig háttað, að hægt sé að nota einn mæli fyrir hvert innanhússkerfi (sjá 6. og 9. gr.).

Verði vatnsmæli ekki komið fyrir án breytinga á vatnslögn, er húseiganda skylt að láta breyta lögninni á eigin kostnað.

Vatnsveitan ákveður stærð og gerð mælis í samræmi við vatnsnotkun á hverjum stað.

Húseiganda ber að tilkynna vatnsveitunni tafarlaust bilanir á vatnsmæli, er hann kann að verða var við.

16. gr.

Verði vatnsnotandi uppvís að óhóflegri notkun vatns eða hlíti ekki fyrirmælum vatnsveitunnar um viðhald eða breytingu vatnsæða, hefur vatnsveitan rétt til þess að loka heimæð hans að undangenginni aðvörum.

Vatnsveitunni er heimilt að skammta vatn til annars en heimilisnotkunar. Enn fremur getur hún krafist þess, að fyrirtæki, er mikið vatn nota, afli sér sparneytnari véla eða setji upp geyma til söfnunar vatns að næturlagi. Ef fyrirmælum vatnsveitunnar er eigi sinnt innan hæfilegs frests, er heimilt að loka fyrir heimæð fyrirtækisins.

Vatnsveitunni er heimilt að taka gjald fyrir opnun heimæðar, sem lokað hefur verið af ofangreindum ástæðum.

17. gr.

Óheimilt er að tengja vatnsdælur við heimæðar án leyfis vatnsveitunnar.

Sé leyfi veitt til slíkrar tengingar, er það háð því skilyrði, að þannig sé frá dælu gengið. að hávaði frá henni valdi eigi óþægindum.

Vatnsveitan getur krafist þess, að húseigandi geri sérstakar ráðstafanir til deyfingar á hávaða frá dælu.

18. gr.

Vatnsæðar og tæki skulu þannig tengd, að eigi sé hætt á, að vatnið í æðunum óhreinkist.

Óheimilt er að tengja saman æðar vatnsveitunnar og einkavatnsæðar frá öðrum vatnsbólum.

Blöndunartæki skulu hafa óhindrað rennsli í frárennslistút.

Enn fremur er óheimil öll meðferð vatnstækja, sem valdið getur óhreinkun á vatni í vatnsveituæð eða heimæð.

19. gr.

Hreppsnefnd getur sett reglur um framkvæmd þeirra mála, er reglugerð þessi fjallar um.

Jafnframt getur hún veitt undanþágu frá reglugerðinni, ef hún telur gildar ástæður til slíks.

20. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varðar sektum.

Með mál út af slíkum brotum skal farið að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Vatnsleysustrandarhrepps, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 15. júlí 1975.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Guðmundur Karl Jónsson.